# Eyjafjarðarsveit

## Ársreikningur 2022

Eyjafjarðarsveit
Skólatröð 9
605 Akureyri

Kt. 410191-2029

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra ........ | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda ........ | 4 |
| Rekstrarreikningur ........ | 6 |
| Efnahagsreikningur ........ | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit ........ | 9 |
| Skýringar ........ | 10 |

# Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Eyjafjarðarsveitar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.399,8 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.387,6 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,39% en lögbundið hámark þess er 0,625%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,2% en lögbundið hámark þess er 1,65%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð sem nam 146,5 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð sem nam 157,7 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.428,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta nam 1.538,5 millj. kr.

Ársreikningur Eyjafjarðarsveitar fyrir árið 2022 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Eyjafjarðarsveit, 16. mars 2023.

Sveitarstjóri:

Ársreikningur Eyjafjarðarsveitar fyrir árið 2022 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Eyjafjarðarsveit, 30. mars 2023.

Sveitarstjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Eyjafjarðarsveitar fyrir árið 2022, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

**Grundvöllur álits**

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum**

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveiarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 30.03 2023.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Ársreikningur 2022** | **Áætlun 2022 með viðaukum** | **Ársreikningur 2021** | **Ársreikningur 2022** | **Áætlun 2022 með viðaukum** | **Ársreikningur 2021** |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | |
| Skatttekjur án framl. Jöfnunarsjóðs ... | 4 | 823.400 | 801.268 | 738.584 | 822.382 | 799.318 | 736.494 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs ..................... | 4 | 415.954 | 375.208 | 355.885 | 415.954 | 375.208 | 355.885 |
| Þjónustutekjur og aðrar tekjur ........... | 4 | 148.267 | 147.365 | 155.537 | 161.496 | 162.265 | 186.887 |
| | | 1.387.621 | 1.323.841 | 1.250.006 | 1.399.832 | 1.336.791 | 1.279.266 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ................. | 5 | 680.854 | 651.141 | 633.746 | 680.854 | 651.141 | 633.746 |
| Annar rekstrarkostnaður ................... | | 527.245 | 493.123 | 468.145 | 526.092 | 494.816 | 469.427 |
| | | 1.208.100 | 1.144.264 | 1.101.891 | 1.206.946 | 1.145.957 | 1.103.173 |
| Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir ........... | | 179.521 | 179.577 | 148.115 | 192.885 | 190.834 | 176.093 |
| Afskriftir ........................................... | 8 | ( 34.895) | ( 35.938) | ( 33.065) | ( 40.147) | ( 41.612) | ( 38.332) |
| Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda ............. | | 144.626 | 143.639 | 115.050 | 152.739 | 149.222 | 137.761 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .............................. | 6 | 13.044 | 6.087 | 7.942 | ( 6.217) | ( 3.839) | ( 4.278) |
| **Rekstrarniðurstaða** ......................... | 13 | 157.670 | 149.726 | 122.993 | 146.521 | 145.383 | 133.483 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | A hluti 2022 | A hluti 2021 | A og B hluti 2022 | A og B hluti 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir, lóðir og lendur | | 845.117 | 685.908 | 901.281 | 744.744 |
| Veitukerfi og götur | | 156.165 | 160.436 | 191.153 | 198.005 |
| Vélar, áhöld og tæki | | 18.964 | 22.889 | 18.964 | 22.889 |
| | 8 | 1.020.246 | 869.233 | 1.111.399 | 965.638 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Stofnframlög og eignarhlutir í félögum | 9 | 52.971 | 52.971 | 52.971 | 52.971 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 10 | 44.027 | 46.026 | 44.027 | 46.026 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 11 | 93.144 | 88.196 | 0 | 0 |
| | | 190.142 | 187.193 | 96.998 | 98.997 |
| Fastafjármunir | | 1.210.388 | 1.056.426 | 1.208.397 | 1.064.635 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 12 | 110.755 | 119.072 | 110.755 | 119.072 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 41.709 | 44.889 | 0 | 0 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 10 | 1.999 | 1.999 | 1.999 | 1.999 |
| Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki | 11 | 3.287 | 2.874 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 12 | 15.754 | 40.892 | 15.754 | 40.892 |
| Handbært fé | | 332.144 | 222.757 | 332.144 | 222.757 |
| Veltufjármunir | | 505.648 | 432.485 | 460.652 | 384.721 |
| **Eignir samtals** | | 1.716.036 | 1.488.911 | 1.669.049 | 1.449.356 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | A hluti 2022 | A hluti 2021 | A og B hluti 2022 | A og B hluti 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 13 | 1.538.526 | 1.350.036 | 1.428.230 | 1.250.889 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 14 | 0 | 0 | 61.322 | 57.800 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 14 | 0 | 13.184 | 1.875 | 14.870 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 177.510 | 125.691 | 177.622 | 125.796 |
| | | 177.510 | 138.875 | 179.496 | 140.667 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 177.510 | 138.875 | 240.819 | 198.466 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.716.036 | 1.488.911 | 1.669.049 | 1.449.356 |

Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings ...................... 16

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

| | Skýr | A hluti Ársreikningur 2022 | A hluti Áætlun 2022 með viðaukum | A hluti Ársreikningur 2021 | A og B hluti Ársreikningur 2022 | A og B hluti Áætlun 2022 með viðaukum | A og B hluti Ársreikningur 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða | 13 | 157.670 | 149.726 | 122.993 | 146.521 | 145.383 | 133.483 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | |
| Afskriftir | 8 | 34.895 | 35.938 | 33.065 | 40.147 | 41.612 | 38.332 |
| Verðbætur langtímaliða | 6 | (8.245) | (2.287) | (3.634) | 5.602 | 2.446 | 3.435 |
| Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (16.012) |
| Veltufé frá rekstri | | 184.320 | 183.377 | 152.423 | 192.270 | 189.441 | 159.237 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | | |
| Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting | 10 | 1.999 | 1.999 | 1.999 | 1.999 | 1.999 | 1.999 |
| Óinnheimtar tekjur, breyting | | 8.317 | 0 | (41.825) | 8.317 | 0 | (41.825) |
| Skammtímakröfur, breyting | | 25.139 | 0 | (8.842) | 25.139 | 0 | (8.842) |
| Skammtímaskuldir, breyting | | 51.819 | 0 | 429 | 51.825 | 0 | 432 |
| Samtals | | 87.273 | 1.999 | (48.239) | 87.280 | 1.999 | (48.237) |
| Handbært fé frá rekstri | | 271.593 | 185.376 | 104.184 | 279.550 | 191.440 | 111.000 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 8 | (155.088) | (154.400) | (68.627) | (155.088) | (156.400) | (58.130) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 0 | 50.000 | 0 | 0 | 50.000 | 20.500 |
| Langtímakr. á eigin fyrirtæki, breyting | 11 | 3.010 | 2.896 | 2.675 | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (152.077) | (101.504) | (65.952) | (155.088) | (106.400) | (37.630) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Viðskiptastaða eigin ft, breyting | | 3.181 | (558) | 33.496 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímalána | 14 | (13.310) | (8.998) | (12.593) | (15.075) | (10.724) | (14.235) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (10.129) | (9.556) | 20.903 | (15.075) | (10.724) | (14.235) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 109.387 | 74.316 | 59.135 | 109.387 | 74.316 | 59.135 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 222.757 | 179.970 | 163.622 | 222.757 | 179.970 | 163.622 |
| **Handbært fé í árslok** | | 332.144 | 254.286 | 222.757 | 332.144 | 254.286 | 222.757 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Eyjafjarðarsveit er sveitarfélag á Norðurlandi og var fjöldi íbúa þess 1.160 þann 1. desember 2022. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Skólatröð 9 á Hrafnagili.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Eyjafjarðarsveitar árið 2022 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Leiguíbúðir og Veitustofnanir.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru þó færðar á gangvirði. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum krónum.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlagviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í árslok. Verðlagsbreytingar sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### e. Afskriftir rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 10 - 40 ár |
| Veitukerfi og götur | 25 ár |
| Vélar, áhöld og tæki | 10 ár |

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

### g. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

### h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

### i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### k. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 16.

### l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### m. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 19.

## 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Ársreikningur 2022** | **Áætlun 2022 með viðaukum** | **Ársreikningur 2021** | **Ársreikningur 2022** | **Áætlun 2022 með viðaukum** | **Ársreikningur 2021** |
| **Útsvar og fasteignaskattur:** | | | | | | |
| Útsvar....................................... | 735.851 | 714.825 | 654.236 | 735.851 | 714.825 | 654.236 |
| Fasteignaskattur........................ | 87.549 | 86.443 | 84.348 | 86.531 | 84.493 | 82.259 |
| | 823.400 | 801.268 | 738.584 | 822.382 | 799.318 | 736.494 |
| **Framlög Jöfnunarsjóðs:** | | | | | | |
| Framlag vegna tekjujöfnunar..... | 28.153 | 27.311 | 22.233 | 28.153 | 27.311 | 22.233 |
| Framlag vegna fasteignaskatts.. | 38.428 | 30.649 | 28.942 | 38.428 | 30.649 | 28.942 |
| Framlag vegna útgjaldajöfnunar. | 195.778 | 177.716 | 182.014 | 195.778 | 177.716 | 182.014 |
| Framlag vegna grunnskóla......... | 143.359 | 128.060 | 115.446 | 143.359 | 128.060 | 115.446 |
| Önnur framlög.......................... | 10.237 | 11.472 | 7.250 | 10.237 | 11.472 | 7.250 |
| | 415.954 | 375.208 | 355.885 | 415.954 | 375.208 | 355.885 |
| Skatttekjur samtals .................. | 1.239.354 | 1.176.476 | 1.094.469 | 1.238.336 | 1.174.526 | 1.092.379 |
| **Aðrar tekjur:** | | | | | | |
| Aðrar tekjur.............................. | 148.267 | 147.365 | 155.537 | 161.496 | 162.265 | 186.887 |
| Rekstrartekjur samtals.............. | 1.387.621 | 1.323.841 | 1.250.006 | 1.399.832 | 1.336.791 | 1.279.266 |

## 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Laun ....................................... | 542.866 | 543.454 | 505.757 | 542.866 | 543.454 | 505.757 |
| Launatengd gjöld ..................... | 135.990 | 105.688 | 125.990 | 135.990 | 105.688 | 125.990 |
| Framlög vegna uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissjóðs.... | 1.999 | 1.999 | 1.999 | 1.999 | 1.999 | 1.999 |
| Laun og launatengd gjöld samtals .. | 680.854 | 651.141 | 633.746 | 680.854 | 651.141 | 633.746 |

| | **2022** | **2021** |
|---|---|---|
| Ársverk ........................................................................................................... | 66 | 67 |
| Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar.................................................................... | 30.213 | 27.521 |

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur .............................. | 6.191 | 0 | 5.890 | 1.964 | ( 18.594 ) | 1.837 |
| Vaxtagjöld ................................ | ( 1.392 ) | 3.800 | ( 1.582 ) | ( 2.579 ) | 17.201 | ( 2.680 ) |
| Verðbætur................................ | 8.245 | 2.287 | 3.634 | ( 5.602 ) | ( 2.446 ) | ( 3.435 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals........ | 13.044 | 6.087 | 7.942 | ( 6.217 ) | ( 3.839 ) | ( 4.278 ) |

## 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Ársreikningur 2022 | Áætlun 2022 með viðaukum | Ársreikningur 2021 |
|---|---|---|---|
| **Aðalsjóður:** | | | |
| Skatttekjur | 1.260.069 | 1.197.109 | 1.112.798 |
| Félagsþjónusta | ( 76.399 ) | ( 73.866 ) | ( 73.254 ) |
| Fræðslu- og uppeldismál | ( 708.683 ) | ( 678.089 ) | ( 653.874 ) |
| Menningarmál | ( 46.114 ) | ( 48.636 ) | ( 47.319 ) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | ( 141.434 ) | ( 127.009 ) | ( 118.040 ) |
| Brunamál og almannavarnir | ( 16.757 ) | ( 18.093 ) | ( 17.164 ) |
| Hreinlætismál | ( 20.859 ) | ( 23.772 ) | ( 18.041 ) |
| Skipulags- og byggingarmál | ( 18.823 ) | ( 16.767 ) | ( 14.683 ) |
| Umferðar- og samgöngumál | ( 11.014 ) | ( 11.957 ) | ( 12.514 ) |
| Umhverfismál | ( 6.933 ) | ( 3.124 ) | ( 3.906 ) |
| Atvinnumál | ( 251 ) | ( 263 ) | ( 2.364 ) |
| Sameiginlegur kostnaður | ( 111.461 ) | ( 103.453 ) | ( 102.280 ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 75.183 | 45.156 | 49.933 |
| Aðalsjóður samtals | 176.523 | 137.236 | 99.291 |
| **A hluta stofnanir:** | | | |
| Eignasjóður | ( 18.852 ) | 12.490 | 23.702 |
| A hluti samtals | 157.670 | 149.726 | 122.993 |
| **B hluta fyrirtæki:** | | | |
| Leiguíbúðir | ( 11.743 ) | ( 4.382 ) | 10.423 |
| Veitustofnanir | 593 | 40 | 67 |
| A og B hluti samtals | 146.521 | 145.383 | 133.483 |

## 8. Rekstrarfjármunir

### a. Bókfært verð

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir, lóðir og lendur | Götur | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **A hluti:** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2022 | 1.429.521 | 215.801 | 39.250 | 1.684.572 |
| Afskrifað áður | ( 743.613 ) | ( 55.365 ) | ( 16.361 ) | ( 815.339 ) |
| Bókfært verð 1.1.2022 | 685.908 | 160.436 | 22.889 | 869.233 |
| Viðbót á árinu | 151.413 | 3.675 | 0 | 155.088 |
| Endurmat lóða og lendna | 30.820 | 0 | 0 | 30.820 |
| Afskrifað á árinu | ( 23.024 ) | ( 7.946 ) | ( 3.925 ) | ( 34.895 ) |
| Bókfært verð 31.12.2022 | 845.117 | 156.165 | 18.964 | 1.020.246 |
| | | | | |
| Heildarverð 31.12.2022 | 1.611.753 | 219.476 | 39.250 | 1.870.479 |
| Afskrifað samtals | ( 766.636 ) | ( 63.311 ) | ( 20.286 ) | ( 850.233 ) |
| Bókfært verð 31.12.2022 | 845.117 | 156.165 | 18.964 | 1.020.246 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 0 - 10,0% | 4,0% | 10,0% | |

## 8. Rekstrarfjármunir frh.:

| | Fasteignir, lóðir og lendur | Veitukerfi og götur | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **A og B hluti:** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2022 | 1.536.386 | 288.762 | 39.250 | 1.864.398 |
| Afskrifað áður | ( 791.641 ) | ( 90.757 ) | ( 16.361 ) | ( 898.760 ) |
| Bókfært verð 1.1.2022 | 744.744 | 198.005 | 22.889 | 965.638 |
| Viðbót á árinu | 151.413 | 3.675 | 0 | 155.088 |
| Endurmat lóða og lendna | 30.820 | 0 | 0 | 30.820 |
| Afskrifað á árinu | ( 25.695 ) | ( 10.527 ) | ( 3.925 ) | ( 40.147 ) |
| Bókfært verð 31.12.2022 | 901.281 | 191.153 | 18.964 | 1.111.399 |
| | | | | |
| Heildarverð 31.12.2022 | 1.718.618 | 292.437 | 39.250 | 2.050.305 |
| Afskrifað samtals | ( 817.337 ) | ( 101.284 ) | ( 20.286 ) | ( 938.907 ) |
| Bókfært verð 31.12.2022 | 901.281 | 191.153 | 18.964 | 1.111.399 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 0 - 10,0% | 4,0% | 10,0% | |

## b. Fjárfesting

Fjárfesting í rekstrarfjármunum á árinu:

| | Fjárfesting 2022 | Áætlun 2022 með viðaukum |
|---|---|---|
| A hluti | 155.088 | 154.400 |
| | | |
| B hluti: | | |
| Leiguíbúðir | 0 | 1.000 |
| Veitustofnanir | 0 | 1.000 |
| Samtals A og B hluti | 155.088 | 156.400 |

## c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og vátryggingaverð rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Brunabótamat fasteigna | 3.123.910 | 3.444.060 |
| Fasteignamat | 987.523 | 1.227.923 |
| Vátryggingaverðmæti lausafjármuna | 259.840 | 259.840 |
| Vátryggingaverðmæti veitumannvirkja | | 287.526 |

## 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | | Bókfært verð | |
|---|---|---|---|---|
| | A hluti | A og B hluti | A hluti | A og B hluti |
| Flokkun Eyjafjörður ehf. | 4,5% | 4,5% | 11.258 | 11.258 |
| Greið leið ehf. | 0,7% | 0,7% | 2.576 | 2.576 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | 0,4% | 0,4% | 32.512 | 32.512 |
| Molta ehf. | 0,9% | 0,9% | 1.490 | 1.490 |
| Norðurorka hf. | 0,1% | 0,1% | 5.000 | 5.000 |
| Vottunarstofan Tún ehf. | 0,2% | 0,2% | 36 | 36 |
| Ylur sf. | | | 703 | 703 |
| | | | 53.575 | 53.575 |
| Niðurfærsla eignarhluta | | | ( 605 ) | ( 605 ) |
| Eignarhlutir í félögum samtals | | | 52.971 | 52.971 |

## 10. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2023 er færður meðal veltufjármuna en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Breyting fyrirframgreidds kostnaðar á árinu greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður í ársbyrjun | 48.025 | 48.025 |
| Gjaldfært á árinu | ( 1.999 ) | ( 1.999 ) |
| Fyrirframgreiddur kostnaður samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 46.026 | 46.026 |
| Næsta árs afborganir | ( 1.999 ) | ( 1.999 ) |
| Fyrirframgreiddur kostnaður samtals | 44.027 | 44.027 |

Gjaldfærslur fyrirframgreidds kostnaður greinast þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Árið 2023 | 1.999 | 1.999 |
| Árið 2024 | 1.999 | 1.999 |
| Árið 2025 | 1.999 | 1.999 |
| Árið 2026 | 1.999 | 1.999 |
| Árið 2027 | 1.999 | 1.999 |
| Síðar | 36.032 | 36.032 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 46.026 | 46.026 |

## 11. Langtímakröfur

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Staða langtímakrafna í ársbyrjun | 91.071 | 0 |
| Afborgun á árinu | ( 3.010 ) | 0 |
| Verðbætur | 8.371 | 0 |
| Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 96.431 | 0 |
| Næsta árs afborganir | ( 3.287 ) | 0 |
| Langtímakröfur samtals | 93.144 | 0 |

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Árið 2023 | 3.287 | 0 |
| Árið 2024 | 3.438 | 0 |
| Árið 2025 | 3.596 | 0 |
| Árið 2026 | 3.761 | 0 |
| Árið 2027 | 3.934 | 0 |
| Síðar | 78.414 | 0 |
| Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 96.431 | 0 |

## 12. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Óinnheimtar skatttekjur | 65.999 | 65.999 |
| Óinnheimtar aðrar tekjur | 44.756 | 44.756 |
| Óinnheimtar tekjur í árslok | 110.755 | 110.755 |

Niðurfærsla óinnheimtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 48.436 | 48.436 |
| Niðurfærsla, breyting á árinu | ( 8.986 ) | ( 8.986 ) |
| Niðurfærsla í árslok | 39.450 | 39.450 |

## 13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2022 | 1.350.036 | 1.250.889 |
| Endurmat lóða og lendna | 30.820 | 30.820 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 157.670 | 146.521 |
| Eigið fé 31.12.2022 | 1.538.526 | 1.428.230 |

## 14. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

| | Verðtryggð lán |
|---|---|
| **A hluti:** | |
| Langtímaskuldir í ársbyrjun | 13.184 |
| Afborganir af lánum | ( 13.310 ) |
| Verðbætur | 126 |
| Langtímaskuldir samtals | 0 |
| **A og B hluti:** | |
| Langtímaskuldir í ársbyrjun | 72.670 |
| Afborganir af lánum | ( 15.075 ) |
| Verðbætur | 5.602 |
| Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir | 63.197 |
| Næsta árs afborganir | ( 1.875 ) |
| Langtímaskuldir samtals | 61.322 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Árið 2023 | 0 | 1.875 |
| Árið 2024 | 0 | 1.906 |
| Árið 2025 | 0 | 1.938 |
| Árið 2026 | 0 | 1.970 |
| Árið 2027 | 0 | 2.004 |
| Síðar | 0 | 53.505 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 0 | 63.197 |

### Veðsetningar

Íbúðir í eigu Leiguíbúða að bókfærðu virði 56,2 millj. kr. eru veðtryggðar fyrir skuldum að eftirstöðum 63,2 millj. kr. í árslok 2022.

## 15. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Aðalsjóður | 100% | 1.616.232 | 175.618 | 1.440.614 |
| Eignasjóður | 100% | 1.020.246 | 922.334 | 97.912 |
| Innri færslur A hluta | | ( 920.442 ) | ( 920.442 ) | 0 |
| A hluti samtals | | 1.716.036 | 177.510 | 1.538.526 |
| Leiguíbúðir | 100% | 56.165 | 160.191 | ( 104.026 ) |
| Veitustofnanir | 100% | 34.988 | 41.258 | ( 6.270 ) |
| Innri færslur A og B hluta | | ( 138.140 ) | ( 138.140 ) | 0 |
| Samtals | | 1.669.049 | 240.819 | 1.428.230 |

## 16. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sveitarfélagið hefur veitt Norðurorku hf. veð í tekjum til tryggingar ábyrgð á skuldum félagsins og er hlutdeild sveitarfélagsins í ábyrgðinni 5.086 þús. kr.

Sveitarfélagið hefur veitt Fallorku ehf., dótturfélagi Norðurorku hf., veð í tekjum til tryggingar ábyrgð á skuldum félagsins og er hlutdeild sveitarfélagsins í ábyrgðinni 699 þús. kr.

Einnig er sveitarfélagið er aðili að eftirtöldum stofnunum, en fjárhagsleg áhrif hlutdeildar sveitarfélagsins í þeim á reikningsskilin eru óveruleg og því ekki færð í reikningsskil sveitarfélagsins:

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra
Skipulags- og byggingafulltrúi Eyjafjarðar b.s.
Tónlistarskóli Eyjafjarðar

Sveitarfélagið ber hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

## 17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila ná eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 18. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

| | Áætlun | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2022 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 |
| **Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:** | | | | | | |
| Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður ............. | 362.844 | 370.788 | 304.345 | 228.871 | 168.224 | 160.673 |
| Skuldaviðmið, skv. reglugerð .................... | 0,0 % | 0,0 % | 0,0 % | 0,0 % | 0,0 % | 0,0 % |
| **Ýmsar lykiltölur** | | | | | | |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir................ | 13,6 % | 12,9 % | 11,8 % | 10,3 % | 10,7 % | 6,9 % |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ................... | 11,3 % | 11,4 % | 9,8 % | 7,8 % | 8,1 % | 4,6 % |
| Veltufé frá rekstri ..................................... | 13,9 % | 13,3 % | 12,2 % | 10,5 % | 11,0 % | 7,4 % |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum................. | 11,7 % | 11,2 % | 5,5 % | 1,1 % | 4,3 % | 11,6 % |
| Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjur.......... | 10,1 % | 12,8 % | 11,1 % | 13,0 % | 15,9 % | 18,4 % |
| **Önnur hlutföll** | | | | | | |
| Langtímaskuldir í hlutfalli við | | | | | | |
| veltufé frá rekstri, mælt í árum .............. | 0,00 | 0,00 | 0,00 | 0,14 | 0,37 | 0,76 |
| Veltufé frá rekstri í hlutfalli við | | | | | | |
| afborganir skulda og skuldbindinga.......... | 20,38 | 13,85 | 12,10 | 3,54 | 8,34 | 5,36 |
| Veltufjárhlutfall.......................................... | 3,31 | 2,85 | 3,11 | 2,66 | 2,05 | 1,54 |
| Eiginfjárhlutfall.......................................... | 91,3% | 89,7% | 90,7% | 89,0% | 86,2% | 84,3% |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Útsvar ...................................................... | 54,0 % | 53,0 % | 52,3 % | 51,7 % | 51,2 % | 51,8 % |
| Fasteignaskattur ....................................... | 6,5 % | 6,3 % | 6,7 % | 6,8 % | 6,5 % | 6,3 % |
| Framlög Jöfnunarsjóðs.............................. | 28,3 % | 30,0 % | 28,5 % | 29,7 % | 28,5 % | 27,7 % |
| Skatttekjur samtals.................................... | 88,9 % | 89,3 % | 87,6 % | 88,2 % | 86,2 % | 85,8 % |
| Aðrar tekjur .............................................. | 11,1 % | 10,7 % | 12,4 % | 11,8 % | 13,8 % | 14,2 % |
| Rekstrartekjur samtals .............................. | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % |
| Laun og launatengd gjöld.......................... | ( 49,2% ) | ( 49,1% ) | ( 50,7% ) | ( 50,8% ) | ( 49,0% ) | ( 50,5% ) |
| Annar rekstrarkostnaður............................ | ( 37,2% ) | ( 38,0% ) | ( 37,5% ) | ( 38,9% ) | ( 40,3% ) | ( 42,6% ) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir................ | 13,6 % | 12,9 % | 11,8 % | 10,3 % | 10,7 % | 6,9 % |
| Afskriftir.................................................... | ( 2,7% ) | ( 2,5% ) | ( 2,6% ) | ( 2,9% ) | ( 3,0% ) | ( 2,8% ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)........... | 0,5 % | 0,9 % | 0,6 % | 0,4 % | 0,4 % | 0,5 % |
| Rekstrarniðurstaða.................................... | 11,3 % | 11,4 % | 9,8 % | 7,8 % | 8,1 % | 4,6 % |

## 18. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

| | Áætlun | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2022 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 |
| **Í þúsundum króna á íbúa:** | | | | | | |
| **Rekstur:** | | | | | | |
| Skatttekjur | 1.014 | 1.068 | 977 | 931 | 899 | 850 |
| Aðrar tekjur | 127 | 128 | 139 | 125 | 144 | 140 |
| Laun og launatengd gjöld | ( 561 ) | ( 587 ) | ( 566 ) | ( 536 ) | ( 511 ) | ( 500 ) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 425 ) | ( 455 ) | ( 418 ) | ( 410 ) | ( 420 ) | ( 422 ) |
| Afskriftir | ( 31 ) | ( 30 ) | ( 30 ) | ( 31 ) | ( 31 ) | ( 28 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 5 | 11 | 7 | 5 | 4 | 5 |
| Rekstrarniðurstaða | 129 | 136 | 110 | 82 | 85 | 46 |
| **Efnahagur:** | | | | | | |
| Eignir | 1.333 | 1.479 | 1.329 | 1.246 | 1.202 | 1.156 |
| Eigið fé | 1.217 | 1.326 | 1.205 | 1.109 | 1.036 | 974 |
| Skuldir og skuldbindingar | 116 | 153 | 124 | 137 | 166 | 182 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 158 | 159 | 136 | 111 | 115 | 73 |
| Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri | 160 | 234 | 93 | 122 | 131 | 12 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 133 | 134 | 61 | 11 | 45 | 115 |
| **Íbúafjöldi:** | | | | | | |
| Íbúafjöldi 1. desember | 1.160 | 1.160 | 1.120 | 1.095 | 1.079 | 1.042 |

## 18. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

| | Áætlun | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2022 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 |
| **Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:** | | | | | | |
| Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður ............. | 380.133 | 381.271 | 324.338 | 235.733 | 163.495 | 153.672 |
| Skuldaviðmið, skv. reglugerð .................... | 0,0 % | 0,0 % | 0,0 % | 0,0 % | 0,0 % | 5,4 % |
| | | | | | | |
| **Ýmsar lykiltölur** | | | | | | |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir................ | 14,3 % | 13,8 % | 13,8 % | 12,2 % | 11,7 % | 8,0 % |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ................... | 10,9 % | 10,5 % | 10,4 % | 8,6 % | 7,9 % | 4,3 % |
| Veltufé frá rekstri ..................................... | 14,2 % | 13,7 % | 12,4 % | 10,9 % | 11,5 % | 8,0 % |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum................. | 11,7 % | 11,1 % | 4,5 % | 4,4 % | 4,5 % | 11,5 % |
| Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjur.......... | 14,5 % | 17,2 % | 15,5 % | 17,7 % | 22,5 % | 25,5 % |
| | | | | | | |
| **Önnur hlutföll** | | | | | | |
| Langtímaskuldir í hlutfalli við | | | | | | |
| veltufé frá rekstri, mælt í árum .............. | 0,30 | 0,32 | 0,36 | 0,57 | 0,92 | 1,59 |
| Veltufé frá rekstri í hlutfalli við | | | | | | |
| afborganir skulda og skuldbindinga......... | 17,67 | 12,75 | 11,19 | 2,38 | 7,65 | 5,08 |
| Veltufjárhlutfall.......................................... | 2,69 | 2,57 | 2,73 | 2,03 | 1,67 | 1,18 |
| Eiginfjárhlutfall.......................................... | 87,0% | 85,6% | 86,3% | 84,1% | 79,6% | 77,1% |
| | | | | | | |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Útsvar ...................................................... | 53,5 % | 52,6 % | 51,1 % | 50,5 % | 50,7 % | 51,2 % |
| Fasteignaskattur ...................................... | 6,3 % | 6,2 % | 6,4 % | 6,5 % | 6,3 % | 6,1 % |
| Framlög Jöfnunarsjóðs.............................. | 28,1 % | 29,7 % | 27,8 % | 29,0 % | 28,3 % | 27,4 % |
| Skatttekjur samtals.................................... | 87,9 % | 88,5 % | 85,4 % | 86,1 % | 85,2 % | 84,8 % |
| Aðrar tekjur .............................................. | 12,1 % | 11,5 % | 14,6 % | 13,9 % | 14,8 % | 15,2 % |
| Rekstrartekjur samtals .............................. | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % |
| | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld.......................... | ( 48,7% ) | ( 48,6% ) | ( 49,5% ) | ( 49,7% ) | ( 48,5% ) | ( 50,0% ) |
| Annar rekstrarkostnaður............................ | ( 37,0% ) | ( 37,6% ) | ( 36,7% ) | ( 38,1% ) | ( 39,8% ) | ( 42,0% ) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir................ | 14,3 % | 13,8 % | 13,8 % | 12,2 % | 11,7 % | 8,0 % |
| Afskriftir.................................................... | ( 3,1% ) | ( 2,9% ) | ( 3,0% ) | ( 3,3% ) | ( 3,3% ) | ( 3,2% ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)............ | ( 0,3% ) | ( 0,4% ) | ( 0,3% ) | ( 0,4% ) | ( 0,5% ) | ( 0,5% ) |
| Rekstrarniðurstaða.................................... | 10,9 % | 10,5 % | 10,4 % | 8,6 % | 7,9 % | 4,3 % |

## 18. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

| | Áætlun | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2022 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 |
| **Í þúsundum króna á íbúa:** | | | | | | |
| **Rekstur:** | | | | | | |
| Skatttekjur | 1.013 | 1.068 | 975 | 929 | 897 | 849 |
| Aðrar tekjur | 140 | 139 | 167 | 151 | 156 | 152 |
| Laun og launatengd gjöld | ( 561 ) | ( 587 ) | ( 566 ) | ( 536 ) | ( 511 ) | ( 500 ) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 427 ) | ( 454 ) | ( 419 ) | ( 411 ) | ( 419 ) | ( 420 ) |
| Afskriftir | ( 36 ) | ( 35 ) | ( 34 ) | ( 35 ) | ( 35 ) | ( 32 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 3 ) | ( 5 ) | ( 4 ) | ( 4 ) | ( 5 ) | ( 5 ) |
| Rekstrarniðurstaða | 125 | 126 | 119 | 92 | 83 | 43 |
| **Efnahagur:** | | | | | | |
| Eignir | 1.283 | 1.439 | 1.294 | 1.199 | 1.161 | 1.115 |
| Eigið fé | 1.116 | 1.231 | 1.117 | 1.009 | 924 | 860 |
| Skuldir og skuldbindingar | 167 | 208 | 177 | 191 | 237 | 255 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 163 | 166 | 142 | 117 | 121 | 80 |
| Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri | 165 | 241 | 99 | 128 | 138 | 19 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 135 | 134 | 52 | 48 | 47 | 115 |
| **Íbúafjöldi:** | | | | | | |
| Íbúafjöldi 1. desember | 1.160 | 1.160 | 1.120 | 1.095 | 1.079 | 1.042 |

## 18. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

| | 2022 | % | 2021 | % | 2020 | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aðalsjóður:** | | | | | | |
| Skatttekjur | 1.260.069 | 100,0% | 1.112.798 | 100,0% | 1.037.564 | 100,0% |
| Félagsþjónusta | ( 76.399 ) | 6,1% | ( 73.254 ) | 6,6% | ( 71.551 ) | 6,9% |
| Fræðslu- og uppeldismál | ( 708.683 ) | 56,2% | ( 653.874 ) | 58,8% | ( 607.463 ) | 58,5% |
| Menningarmál | ( 46.114 ) | 3,7% | ( 47.319 ) | 4,3% | ( 41.374 ) | 4,0% |
| Æskulýðs- og íþróttamál | ( 141.434 ) | 11,2% | ( 118.040 ) | 10,6% | ( 121.573 ) | 11,7% |
| Brunamál og almannavarnir | ( 16.757 ) | 1,3% | ( 17.164 ) | 1,5% | ( 16.859 ) | 1,6% |
| Hreinlætismál | ( 20.859 ) | 1,7% | ( 18.041 ) | 1,6% | ( 18.349 ) | 1,8% |
| Skipulags- og byggingarmál | ( 18.823 ) | 1,5% | ( 14.683 ) | 1,3% | ( 14.692 ) | 1,4% |
| Umferðar- og samgöngumál | ( 11.014 ) | 0,9% | ( 12.514 ) | 1,1% | ( 16.343 ) | 1,6% |
| Umhverfismál | ( 6.933 ) | 0,6% | ( 3.906 ) | 0,4% | ( 4.321 ) | 0,4% |
| Atvinnumál | ( 251 ) | 0,0% | ( 2.364 ) | 0,2% | ( 4.570 ) | 0,4% |
| Sameiginlegur kostnaður | ( 111.461 ) | 8,8% | ( 102.280 ) | 9,2% | ( 96.666 ) | 9,3% |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 75.183 | ( 6,0% ) | 49.933 | ( 4,5% ) | 43.148 | ( 4,2% ) |
| Aðalsjóður samtals | 176.523 | 14,0 % | 99.291 | 8,9% | 66.950 | 6,5% |
| **Aðrir sjóðir í A hluta:** | | | | | | |
| Eignasjóður | ( 18.852 ) | 1,5 % | 23.702 | ( 2,1% ) | 23.175 | ( 2,2% ) |
| A hluti samtals | 157.670 | 12,5 % | 122.993 | 11,1% | 90.125 | 8,7% |

## 19. Samanburður fjárhagsáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2022 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Áætlun 2022 Upphafleg | Viðaukar við áætlun | Áætlun 2022 með viðaukum | Áætlun 2022 Upphafleg | Viðaukar við áætlun | Áætlun 2022 með viðaukum |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Skatttekjur án framl. Jöfnunarsj. ...... | 759.268 | 42.000 | 801.268 | 757.318 | 42.000 | 799.318 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs ................... | 325.208 | 50.000 | 375.208 | 325.208 | 50.000 | 375.208 |
| Þjónustutekjur og aðrar tekjur .......... | 147.365 | 0 | 147.365 | 162.265 | 0 | 162.265 |
| | 1.231.841 | 92.000 | 1.323.841 | 1.244.791 | 92.000 | 1.336.791 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ................ | 651.141 | 0 | 651.141 | 651.141 | 0 | 651.141 |
| Annar rekstrarkostnaður .................. | 493.123 | 0 | 493.123 | 494.816 | 0 | 494.816 |
| | 1.144.264 | 0 | 1.144.264 | 1.145.957 | 0 | 1.145.957 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir ...... | 87.577 | 92.000 | 179.577 | 98.834 | 92.000 | 190.834 |
| Afskriftir .......................................... | ( 35.938 ) | 0 | ( 35.938 ) | ( 41.612 ) | 0 | ( 41.612 ) |
| Rekstrarniðurstaða án fjármuna-tekna og fjármagnsgjalda .............. | 51.639 | 92.000 | 143.639 | 57.222 | 92.000 | 149.222 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ............................. | 6.087 | 0 | 6.087 | ( 3.839 ) | 0 | ( 3.839 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** ......................... | 57.726 | 92.000 | 149.726 | 53.383 | 92.000 | 145.383 |

## 19. Samanburður fjárhagsáætlana, frh.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2022 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Áætlun 2022 Upphafleg | Viðaukar við áætlun | Áætlun 2022 með viðaukum | Áætlun 2022 Upphafleg | Viðaukar við áætlun | Áætlun 2022 með viðaukum |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða .......................... | 57.726 | 92.000 | 149.726 | 53.383 | 92.000 | 145.383 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi | | | | | | |
| Afskriftir ...................................... | 35.938 | 0 | 35.938 | 41.612 | 0 | 41.612 |
| Verðbætur langtímaliða ................ | ( 2.287 ) | 0 | ( 2.287 ) | 2.446 | 0 | 2.446 |
| Veltufé frá rekstri | 91.377 | 92.000 | 183.377 | 97.441 | 92.000 | 189.441 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | |
| Fyrirframgreiddur kostnaður, br. ..... | 1.999 | 0 | 1.999 | 1.999 | 0 | 1.999 |
| | 1.999 | 0 | 1.999 | 1.999 | 0 | 1.999 |
| Handbært fé frá rekstri | 93.376 | 92.000 | 185.376 | 99.440 | 92.000 | 191.440 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum ...... | ( 154.400 ) | 0 | ( 154.400 ) | ( 156.400 ) | 0 | ( 156.400 ) |
| Söluverð rekstrarfjármuna ............. | 50.000 | 0 | 50.000 | 50.000 | 0 | 50.000 |
| Langtímakr. á eigin fyrirt. breyting... | 2.896 | 0 | 2.896 | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 101.504 ) | 0 | ( 101.504 ) | ( 106.400 ) | 0 | ( 106.400 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | |
| Viðskiptast. eigin ft., breyting.......... | ( 558 ) | 0 | ( 558 ) | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímalána .................. | ( 8.998 ) | 0 | ( 8.998 ) | ( 10.724 ) | 0 | ( 10.724 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 9.556 ) | 0 | ( 9.556 ) | ( 10.724 ) | 0 | ( 10.724 ) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** . | ( 17.684 ) | 92.000 | 74.316 | ( 17.684 ) | 92.000 | 74.316 |
| **Handbært fé í ársbyrjun................** | 179.970 | 0 | 179.970 | 179.970 | 0 | 179.970 |
| **Handbært fé í árslok......................** | 162.286 | 92.000 | 254.286 | 162.286 | 92.000 | 254.286 |